

Aðgangsstýringar


Nýr gluggi til að gefa skýringu fyrir aðgangi að sjúkraskrá Saga 2017.2.1

Búinn var til nýr gluggi til að gefa skýringu fyrir aðgangi að sjúkraskrá einstaklings óháð því hvort verið er að biðja um aukinn aðgang eða ekki. Hægt er að kalla gluggann fram með því að smella á lás sem birtist fyrir aftan nafn einstaklings í sjúklingaborða.



Þá birtist glugginn „Skrá ástæðu fyrir aðgangi að sjúkraskrá einstaklings“. Notandi getur hakað í „Fá aðgang að viðkvæmum gögnum“ og þannig óskað eftir auknum aðgangi. Glugginn sýnir einnig hver núverandi aðgangur notandans er og tengsl við sjúkling, ef einhver eru. Skýringin sem hann velur eða slær inn er skjöluð í gagnagrunn (logguð). Loks smellir notandi á „Ný ástæða“ til þess að fá aðgang í sjúkraskrá. Þessi gluggi birtist einungis hjá þeim notendum sem hafa viðeigandi réttindi og eru að velja sjúklinga sem þeir hafa ekki aðgang að. Notandi sem velur „Hætta við“ í þessum glugga fær einungis aðgang í „Persónuupplýsingar“ sjúklings.


Skrá ástæðu fyrir aðgangi að sjúkraskrá einstaklings



Aðgangur að sjúkraskrá

Vegna kröfu um nákvæmari aðgangsskráningar er þess krafist að allur aðgangur að upplýsingum sjúklings sé skráður.

Einstaklingur: **Prufustúlka Jónsdóttir Kt. 161007-AAA0**

Núverandi aðgangur:  Enginn aðgangur að sjúkraskrá

Tengsl:


Ástæða

Hér er hægt að skrifa

Fá aðgang að viðkvæmum gögnum


Þegar nýr einstaklingur er valinn, sem notandi hefur ekki meðferðartengsl við, opnast gluggi sem kallast „Aðgengi að upplýsingum“ þar sem notandi biður um aðgang að sjúkraskrá einstaklings. Notandi gefur ástæðu fyrir aðgangi og smellir á „Sjúkraskrá“ og fær þá aðgang í sjúkraskrána. En smelli notandi á „Almennar upplýsingar“ þá hleðst kerfissjúklingur upp í sjúklingastikunni í Sögu og notandi fær einungis aðgang að persónuupplýsingum.


Aðgengi að upplýsingum

 **Aðgangur að sjúkraskrá**

Vegna kröfu um nákvæmari aðgangsskráningar er þess krafist að allur aðgangur að upplýsingum sjúklings sé skráður.

Einstaklingur: ~~Sveinn Pálsson (Sveinn Pálsson) 06. 09.2017 11:49~~

Núverandi aðgangur:  Enginn aðgangur að sjúkraskrá

Ástæða 

Hér er hægt að skrifa

Með kveðju,
TMS - Heilbrigðislausnir